

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

*Garður í Hegranesi, Hegranesþingstaður.*

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 12. desember 2016 deiliskipulag fyrir hinn forna Hegranesþingstað í landi Garðs í Hegranesi.

Deiliskipulagið nær yfir hinn forna Hegranesþingstað og þar er gert ráð fyrir áningarstað og gönguleið að útsýnisstað yfir minjasvæðið.

Deiliskipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir gesti sem koma á minjasvæðið.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Sauðárkróki, 28. ágúst 2017.*

**Jón Örn Berndsen**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2017